

17. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis. Haldinn í Lundarskóla þriðjudaginn 13. mars kl. 20.30.

Mættar: Sædís, Bryndís og Ingibjörg

1. Fyrsta mál á dagskrá var umræða um kostunaraðila fyrir annarsvegar endurskinsmerki fyrir 1. bekk í Lundarskóla og hinsvegar færanlegan hraðakassa sem hægt væri að hafa í hverfinu og myndi hvetja til lækkunar umferðarhraða við skólann. Þeir aðilar sem hingað til hefur verið leitað til hafa ekki séð sér fært að styrkja þetta framtak en gerður var langur listi yfir fyrirtæki í hverfinu, í bænum öllum sem og á landsvísu og ákveðið að halda áfram að kynna málin.
2. Rætt var um Umverfisdag hverfisins sem hverfisnefnd hefur hug á að blása til með vorinu í samvinnu við Lundarskóla og leikskóla hverfisins. Ákveðið var að boða Þórhildi skólastjóra á næsta fund nefndarinnar í næstu viku til að koma málinu af stað.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 22.00.